

Alþjóðadagur kennara 5. október 2019

Beta- og Mýdeildir héldu í fjórða skiptið upp á alþjóðadag kennara. Við undirbúning var tekið við þeim punktum sem síðasta nefnd skilaði af sér sem tók mið af árunum á undan. Sú hefð hefur skapast að eftir hvert þing sé gerð samantekt sem sett er á heimasíðu deildanna.

Til framtíðar:

Þær nefndir sem hafa sinnt þessu verkefni eru sammála um:

- að þingið verði ávallt í formi samræðu, að kennarar séu virkjaðir til þátttöku
- að efnið tengist kennurum sjálfum
- að þingið sé haldið utan skólahúsnaða
- að leita til kennarafélaganna um samstarf, KÍ, BKNE, FF, FL og FSL
- að þingið nái til allra skólastiga
- að niðurstöður eða ályktanir sem gerðar eru á staðnum verði sýnilegar í samfélaginu á einhvern hátt, að þeim sé komið á framfæri til viðeigandi aðila.

Undirbúningur:

Fyrsti fundur var haldinn snemma í apríl 2019. Þá voru ræddar hugmyndir að efni þingsins og samstarf við kennarafélög á Norðurlandi. Ekki tókst að koma saman næsta fundi fyrr en í byrjun maí og voru þá boðaðir formenn kennarafélaganna á Norðurlandi og fulltrúar úr félagi skólastjórnenda á Norðurlandi eystra. Þeir lýstu yfir áhuga á áframhaldandi samstarfi og fullvissuðu okkur um að við myndum fá styrk til verkefnisins. Ræddar voru hugmyndir sem m.a. höfðu komið frá félagskonum að efni og nefnt draumur kennarans, hvað hvetur kennarann í starfi og loftslagsmál. Á þessum fundi var ákveðið að leggja áherslu á erindi frá kennurum, einnig að hafa þingið á léttum nótum og athuga með skemmtiatriði. Þriðji fundur var haldinn um miðjan ágúst og var þá áfram rætt um efni og hugmyndir frá deildunum. Dregnar voru upp skýrar línur með efni þingsins og ákveðið að hafa það um drauma kennarans og ganga einnig út frá sjónarmiðum nemenda. Yfirskriftin var ákveðin: *Hvenær mætast draumar kennarans og nemandans?* Ákveðið var að gera myndbönd þar sem kennarar svara spurningum um hvenær þeirra draumar rætist í starfi. Einnig ákveðið að taka upp myndbönd með nemendum þar sem þeir svara spurningum um hvernig góður kennari sé. Allar nefndarkonur tóku að sér að finna viðmælendur og gera myndbönd. Því yrði lokið 15. september og Helena tók að sér að ganga frá myndböndum. Á þessum fundi var einnig ákveðið að fá Dýrleifu Skjöldal leikskólakennara til að vera með erindi út frá yfirskriftinni. Haft var samband við Vandræðaskáldin um að vera með skemmtiatriði í anda yfirskriftar þingsins og var það frágengið þegar í stað. Hins vegar breyttust aðstæður hjá skáldunum svo nefndin þurfti að redda nýjum skemmtikröftum á síðustu stundu. Rauði kross salurinn í Víðilundi var pantaður að vori en fallið frá því og ákveðið að leita að sal þar sem hægt væri að kaupa veitingar. Haft var samband við Strikið og ákveðið að panta súpu og kaffi fyrir 50 manns. Einn undirbúningsfundur var haldinn í september en töluverð samskipti áttu sér stað í gegnum tölvupósta og í Facebookhópi undir það síðasta.

Efni og fyrirkomulag:

Hugmyndin var að efni þingsins væri uppbyggjandi fyrir kennara um leið og vakin væri athygli á kennarastarfinu. Skemmtiatriði væru í anda málefnsins. Titillinn varð *Hvenær mætast draumur kennarans og nemandans*.

Þar sem þingið var á laugardegi var ákveðið að hefja það kl. 11:00 og gera ráð fyrir þingslitum kl. 13:00. Tímasetningin kallaði á eitthvað matarkyns fremur en sætindi og kökur svo ákveðið var að bjóða upp á súpu og molakaffi. Kaffi var í boði allan tímann.

Dagskrá:

- Myndbandsupptökur þar sem nemendur segja nokkur orð um drauma sína í námi
- Dýrleif Skjöldal leikskólakennari segir frá draumastundum í kennarastarfinu
- Hjörleifur Hjartarson með söng og glens (Eiríkur mætti óvænt með Hjörleifi svo hljómsveitin Hundur í óskilum varð fullskipuð)
- Myndbandsupptökur þar sem kennarar segja nokkur orð um drauma sína í starfi
- Léttar umræður og veitingar
- Niðurstöður umræðna safnað saman og komið á framfæri við Kennarasamband Íslands

Eftir setningu þingsins var horft á myndbönd með framlagi nemenda sem sögðu frá góðu starfi með kennurum og lýstu hinum góða kennara. Í kjölfar þess flutti Dýrleif Skjöldal erindi um draumastundir í starfi kennarans og gekk henni ákaflega vel að tengja eigin upplifun við orð nemendanna úr myndbandinu. Þegar Dýrleif hafði lokið máli sínu var öll hljómsveitin Hundur í óskilum mætt á staðinn og tók til við að skemmta þinggestum með glensi og söng sem féll í góðan jarðveg. Að því loknu horfðu þinggestir á myndbönd þar sem kennarar sögðu frá sínum draumastundum í kennslu. Eftir áhorfið var súpa borin á borð og einnig settar af stað umræður meðal kennara út frá yfirskrift þingsins. Kennarar ræddu saman á borðum en nefndarkonur fóru á milli hópa og fengu að taka upp umræðupunkta.

Fyrirkomulag reyndist skemmtilegt og afslappað og mæltist vel fyrir. Virkni þátttakenda var góð og þeir virtust skemmta sér vel. Samræður einkenndust af miklum áhuga á kennarastarfinu og sér í lagi umhyggju fyrir nemendum.

Afrakstur:

Nefndarkonur tóku ljósmyndir og upptökur af umræðum kennara með þeirra leyfi. Unnið var upp úr þessum upptökum og teknar saman niðurstöður. Fengin voru leyfi hjá nokkrum af þeim kennurum sem voru á myndböndum til að birta þau með niðurstöðunum. Niðurstöður samræðuþingsins voru sendar til skólastjórnenda á svæðinu, sviðsstjóra fræðsluviðs Akureyrarbæjar, KÍ og Sambands íslenskra sveitarfélaga og formanns BKNE. Hér er slóð á myndbandið:

https://www.youtube.com/watch?v=-yLz362w9CM&feature=youtu.be&fbclid=IwAR3zPC_bcxgvKyLVL2X69S-S0zTtPy4y948-dUfiT4I7eMQiN-PHmMmYFLg

Samhljómur var milli erinda dagsins og umræðna þátttakenda þingsins.

Nokkrir afgerandi þættir sem birtust í umræðum og á myndböndum:

- Nemandinn vill læra
- Áhugamál nemenda skipta miklu máli í heildarmyndinni
- Leikir í námi og kennslu gegna mikilvægu hlutverki í skólastarfinu
- Færa valdið til nemenda, áhugahvötin er uppsprettan
- Verknám gegnir lykilhlutverki í námi og kennslu
- Draumar rætast þegar kennari skapar þær aðstæður að nám geti orðið sjálfsprottið
- Töfrarnir gerast þegar kennarinn gefur af sér og smitar áhuga til nemenda

- Draumar rætast þegar markmiðum er náð
- Draumar rætast þegar traust myndast á milli nemenda og kennara
- Draumar rætast þegar kennarar hitta nemendur sína úti í atvinnulífinu og sjá hversu vel þeim gengur

Stjórn BKNE hefur látið í ljós áhuga um áframhaldandi samstarf við Beta- og Mýdeildir um samræðuþing í tengslum við 5. október. Þinggestir sem nefndarkonur hafa rætt við hafa lýst ánægju með þetta þing. *Mér hlýnar um hjartað og fyllist stolti yfir að vera kennari á svona stundum* eru meðal annars orð sem hafa verið látin falla í umræðu um þetta þing.

Húsnæði og veitingar:

Kennarafélögin sáu um að sækja um styrki svo hægt væri að greiða fyrir húsnæði, veitingar, erindi og skemmtiatriði. Gjaldkeri BKNE sá alveg um greiðslur. Húsnæðið hentaði vel fyrir viðburðinn fyrir utan slæma hljóðvist. Við fengum hljóðkerfi, lausan míkrofón og skjávarpa. Ekki var þörf á púlti. Á þingið mættu 50 manns og voru það jafnvel fleiri en búist var við þar sem þingið var haldið á laugardegi. Húsnæðið hefði ekki tekið mikið fleiri með góðu móti. Ein nefndarkvenna sá um samskipti við húsráðendur og veitingaþjónustu. Fjármagn fékkst úr sjóði KÍ sem veitir styrki til verkefna sem hugsuð eru fyrir öll skólastig. KÍ greiddi fyrirlesara laun (fyrirlesari vildi reyndar ekki þiggja laun en bað um að upphæðin færi til hjálparstarfs), skemmtiatriði, leigu á sal og veitingar sem voru keyptar af Strikinunni. Veitingarnar og öll þjónusta voru mjög góð. Pöntuð hafði verið súpa og kaffi fyrir 50 manns. Búið var að ganga frá því að hægt yrði að útvega veitingar fyrir nokkra í viðbót ef svo færi. Þegar pantaðar eru veitingar þarf að miða við ákveðinn fjölda og erfitt getur verið að áætla fjölda fyrir þing sem þetta.

Nefndarbreytingar

Þegar skipt er út nefndarkonum þá ber sú kona sem gengur úr nefndinni ábyrgð á að einhver komi í hennar stað. Gæta þarf að því að alltaf sé a.m.k. ein kona af hverju skólastigi, 4-6 konur alls. Tvær konur munu ganga úr nefndinni og eru þær báðar úr Betadeild. Þær munu finna a.m.k. eina konu úr Betadeild til að ganga í nefndina. Ein kona til viðbótar úr Mýdeild mun koma inn í nefndina. Þannig verða a.m.k. þrjár konur úr Mýdeild í næstu nefnd og a.m.k. tvær konur úr Betadeild.

Samstarf og auglýsingar:

Tvær nefndarkvenna sáu um auglýsingar og nýttu texta og tölvupóstlista sem höfðu verið notaðir áður. Farið var vel yfir öll netföng og póstlistar uppfærðir. Skólastjórnendur fengu senda auglýsingu 15. september ásamt beiðni um að senda auglýsinguna á sína kennara. Einnig fékk sviðsstjóri fræðslusviðs Akureyrarbæjar, fræðslustjóri á Norðurlandi eystra, Kennarasamband Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga senda auglýsingu. Auglýsingin var send í netpósti til félagskvenna og einnig sett á Facebook. Á Fb var stofnaður viðburður um þingið og þess vænst að hægt væri að meta þátttöku eftir því. Það er þó hæpið. Gott var að biðja Beta- og Mýkonur að passa upp á að þessar upplýsingar kæmust til skila í þeirra skólum. (Tölvupóstar og netföng eru til í wordskjöllum). Auglýsing og bréf voru aftur sent til skólastjóra þann 29. september.

Kí auglýsti viðburðinn fyrir okkur á sinni síðu sem var mikilvægt. Ekki var haft samband við fjölmiðla til að auglýsa atburðinn en vissulega hefði verið tilvalið að koma þessu á dagskrá í föstudagsþætti N4 þar sem þingið var haldið á laugardegi. Eingöngu er hægt að kenna um tímaleysi nefndarkvenna. Gott væri að minna sviðsstjóra fræðslusviðs og fræðslustjóra að minna skólastjórnendur á þetta þing. Félagskonur voru duglegar að dreifa viðburðinum og auglýsingu. Viðburðinum var deilt á fb síður Beta og Mý deilda og DKG en gott væri að auglýsa hann einnig á

viðburðasíðu á heimasíðu DKG. Mikilvægt er að senda tölvupóst til félagskvenna með það í huga að þær eru ekki allar á samskiptamiðlum. Tölvupóstar og auglýsingar voru lesnar yfir af öllum nefndarkonum áður en þær voru sendar út sem reyndist vel. Heppilegt kann að vera að útbúa aðgengilegan gátlista til að fara eftir við skipulag og eftirfylgni.

Annað:

Mikilvægt er að nefndin sem sér um þingið hverju sinni sé dugleg að upplýsa félagskonur um undirbúninginn og virkja þær eins og hægt er. Meðal félagskvenna þessara tveggja deilda er mikill mannauður og eins meðal kvenna í öðrum deildum. Sjálfsagt er að leita til þeirra fyrst um innlegg og hugmyndir áður en farið er út fyrir samtökin. Að þessu sinni var ekki leitað eftir fyrirlesurum í röðum félagskvenna en leitað var eftir hugmyndum félagskvenna að þema fyrir þingið og komu konur með nokkrar hugmyndir sem voru hjálplegar. Þrátt fyrir að allar hugmyndir séu að sjálfsögðu ekki nýttar þá gefa hugmyndir tóninn fyrir áherslur sem hægt er að vinna úr.

Miðað við að þingið var á laugardegi þá fór mæting fram úr vonum. Það mættu 50 manns sem er samt aðeins færri en á síðasta ári.

Beiðni kom frá ritstjóra European veftímaritinu, Helgu Thorlacius, um umfjöllun um samræðuþingin og gekk nefndin frá þeirri umfjöllun.

Samstarfið í nefndinni gekk mjög vel og var verkaskipting góð.

20. nóvember 2019,

Elín Elísabet Magnúsdóttir, Helena Sigurðardóttir, Erna Gunnarsdóttir, Björg Sigurvinsdóttir og Magnea Helgadóttir.